

Nd. 132. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 57 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.
4. gr. laganna falli úr gildi.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með ákvæði því, sem hér er lagt til að felld sé úr gildi, var ákveðið í þágu vísinda og menningar sérstakt gjald á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansleikjum. Fjárhæðin, sem þannig aflast, er sízt of há, en mun heppilegra er að taka það fé, sem þarf í þessu skyni, af sívaxandi ágóða Áfengisverzlunar ríkisins, og er annað frv. borið fram þess efnis.